



## Stjórnarfundur FKA #1 - fundargerð

**Starfsár 2024 – 2025**

**Staður: Borgartún 35**

**Dagsetning: 15.05.2024**

**Tími: 18:30 – 18.50**

**Mættar:** Andrea Ýr Jónsdóttir (AÝJ), Grace Achieng (GA), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Guna Mežule/varakona III (GM), Helga Björg Steinþórsdóttir (HBS), Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir (ISS), Jasmina Vajzovic Crnac/varakona I (JVC), Sandra Yunhong She/varakona II (SYS), Unnur Elva Arnardóttir (UEA)

Unnur Elva formaður bauð til fundar í beinu framhaldi af aðalfundi 2024. Þar var kosið leynilega í ábyrgðastöður stjórnar og skipað í stöður sem hér segir:

### **Varaformaður - Guðrún réttkjörin varaformaður 2024-2025.**

Grace Achieng og Guðrún Gunnarsdóttir gáfu báðar kost á sér og fékk Guðrún 4 atkvæði og Grace 3 atkvæði.

### **Ritari - Andrea Ýr Jónsdóttir ritari stjórnar FKA 2024-2025.**

Andrea ýr hefur gengt hlutverki ritara starfsárið 2023-2024 og heldur því áfram.

### **Gjaldkeri - Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir gjaldkeri stjórnar 2023-2024.**

Ingibjörg Salóme hefur gengt hlutverki gjaldkera starfsárið 2023-2024 og heldur því áfram.

Fundurinn var haldinn í beinu framhaldi af aðalfundi FKA 2024 svo að stjórn væri tilbúin til starfa eftir sumarið og búið að raða í ábyrgðastöðu stjórnar. Raðað verður niður á önnur hlutverk stjórnar á fyrsta fundi haustsins 2024. Kosning á aðalfundi fór sem hér segir og nánar má lesa um kosningar aðalfundar í Viðauka fundar.

| Svar                            | Fjöldi     | Prósenta |
|---------------------------------|------------|----------|
| Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir     | 120        | 56,87%   |
| Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir | 97         | 45,97%   |
| Guðrún Gunnarsdóttir            | 86         | 40,76%   |
| Jasmina Vajzovic Crnac          | 74         | 35,07%   |
| Sandra Yunhong She              | 58         | 27,49%   |
| Guna Mežule                     | 41         | 19,43%   |
| Hafðís Perla Hafsteinsdóttir    | 40         | 18,96%   |
| Skila auðu                      | 6          | 2,84%    |
| <b>Samtals</b>                  | <b>522</b> |          |